

Klappir Grænar Lausnir hf.

Ársreikningur samstæðu
og móðurfélags 2016

Klappir Grænar Lausnir hf.
Austurstræti 17
101 Reykjavík

Kt. 630914-1080

Efnisyfirlit

	bls.
Skýrsla og áritun stjórnar	3
Áritun endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmastjóra

Félagið var stofnað í september 2014 og er tilgangur félagsins kaup, sala og eignarhald verðbréfa, eign, leiga og rekstur fasteigna, lánastarfsemi, önnur fjármálastarfsemi og skyldur rekstur. Á árinu var nafn félagsins breytt úr Klappir II ehf. í Klappir Grænar Lausnir hf.

Ársreikningur Klappa Grænna Lausna hf. fyrir árið 2016 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélaga þess. Gerð er grein fyrir afkomu og eignarhlutum í dótturfélögum í skýringum ársreikningsins.

Rekstartekjur samstæðunnar / félagsins samkvæmt rekstrarreikningi námu 123,3 / 26,1 millj. kr. Tap varð á rekstri samstæðunnar / félagsins á árinu 2016 að fjárhæð 63,5 / 37,3 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar / félagsins 268,7 / 244,5 millj. kr. Eigið fé í árslok var 174,5 millj. kr. og eigið fé í hlutfalli af heildareignum var 71,4%. Stjórn félagsins gerir tilögum um að greiða ekki arð til hluthafa á árinu 2017 vegna rekstrarársins 2016, en að öðru leyti vísast til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Hlutfé félagsins í nam í árslok 100,5 millj.kr. árslok en hlutfé var aukið um 100 millj. kr. á árinu með útgáfu jöfnunarhlutabréfa annars vegar og útgáfu A og B hlutabréfa. Í árslok voru hluthafar félagsins 34 talsins og fjölgaði þeim um 31 á árinu 2016. Einn hluthafi átti meira en 10% af útistandandi hlutfé, en það var Klappir II ehf., sem átti 66,7% hlutfjár.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdarstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2016 og rekstrarafkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2016.

Stjórn og framkvæmdastjóri Klappa Grænna Lausna hf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2016 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 6. apríl 2017.

Í stjórn félagsins:


Jón Ágúst Þorsteinsson


Hildur Jónsdóttir


Ágúst Sindi Karlsson


Sigrún Hildur Jónsdóttir


Þorsteinn Svanur Jónsson

Framkvæmdastjóri:


Jón Ágúst Þorsteinsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Stjórn og hluthafar Klappa Grænna Lausna hf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Við höfum endurskoðað ársreikning Klappa Grænna Lausna hf. („félagið“) fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðuársreikning og ársreikning móðurfélags. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningssskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2016 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningssskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst mikil víska en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningssskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 6. apríl 2017.

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur ársins 2016

	Skýr.	Samstæða	Móðurfélag	
		2016	2016	2015
Rekstrartekjur				
Sala		70.119.814	26.139.929	0
Aðrar tekjur		53.166.053	2.459.712	0
		<u>123.285.867</u>	<u>28.599.641</u>	<u>0</u>
Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld	10	127.645.438	7.185.625	0
Annar rekstarkostnaður		68.436.378	15.590.151	17.800
Afskriftir	12	3.776.216	0	0
		<u>199.858.032</u>	<u>22.775.776</u>	<u>17.800</u>
(Rekstrartap) rekstarhagnaður		(76.572.165)	5.823.865	(17.800)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)				
Vaxtatekjur		361.790	6.065	4
Vaxtagjöld		(6.624.679)	(5.772.226)	0
		<u>(6.262.889)</u>	<u>(5.766.161)</u>	<u>4</u>
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga	13	18.858.918	(37.858.543)	0
Tap fyrir tekjuskatt		(63.976.136)	(37.800.839)	(17.796)
Tekjuskattur	11	503.221	503.221	0
Tap ársins	16	<u>(63.472.915)</u>	<u>(37.297.618)</u>	<u>(17.796)</u>
Tap skiptist þannig:				
Hluthafar móðurfélags		(37.297.618)	(37.297.618)	(17.796)
Minnihluti í dótturfélagi	13	(26.175.297)	0	0
Tap ársins	16	<u>(63.472.915)</u>	<u>(37.297.618)</u>	<u>(17.796)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

	Skýr.	Samstæða	Móðurfélag	
		2016	2016	2015
Eignir				
Óefnislegar eignir	12	21.006.112	0	0
Eignarhlutur í dótturfélögum	13	5.070.237	23.938.805	15.518.958
Skatteign	14	503.221	503.221	0
Fastafjármunir		26.579.570	24.442.026	15.518.958
Vörubirgðir		1.334.778	0	0
Viðskiptakröfur		14.967.827	7.390.361	0
Krafa á tengda aðila	18	606.652	19.066.332	0
Aðrar skammtímakröfur		145.131.431	114.960.925	0
Handbært fé		80.096.944	78.662.933	2.271
Veltufjármunir		242.137.632	220.080.551	2.271
Eignir samtals		268.717.202	244.522.577	15.521.229
Eigið fé				
Hlutfé	15	100.500.000	100.500.000	500.000
Yfirverðsreikningur		111.487.473	111.487.473	0
Ójafnað eigið fé	16	(37.445.914)	(37.445.914)	(148.296)
Eigið fé		174.541.559	174.541.559	351.704
Hlutdeild minnihluta	13	7.973.087	0	0
Eigið fé samtals		182.514.646	174.541.559	351.704
Langtímaskuldir				
Langtímalán	17	15.000.000	15.000.000	0
Langtímalán við tengda aðila	18	50.357.962	50.357.962	0
Langtímaskuldir		65.357.962	65.357.962	0
Skammtímaskuldir				
Viðskiptaskuldir		6.104.045	1.630.804	0
Skuldir við tengda aðila	18	299.341	0	15.169.525
Aðrar skammtímaskuldir		14.441.208	2.992.252	0
Skammtímaskuldir		20.844.594	4.623.056	15.169.525
Skuldir samtals		86.202.556	69.981.018	15.169.525
Eigið fé og skuldir samtals		268.717.202	244.522.577	15.521.229

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2016

	Skýr.	Samstæða		Móðurfélag	
		2016	2016	2016	2015
Rekstrarhreyfingar					
Tap ársins	16	(63.472.915)	(37.297.618)	(17.796)	
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:					
Afskriftir		3.776.216	0	0	
Hlutdeild í rekstri dótturfélaga		(18.858.918)	37.858.543	0	
Tekjuskattur	9	(503.221)	(503.221)	0	
Veltufé til rekstrar		(79.058.838)	57.704	(17.796)	
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:					
Vörubirgðir, hækkun		(160.357)	0	0	
Skammtímakröfur, hækkun		(23.759.225)	(122.351.286)	0	
Skammtímaskuldir, hækkun		15.855.053	4.623.056	0	
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		(8.064.529)	(117.728.230)	0	
Handbært fé til rekstrar		(87.123.367)	(117.670.526)	(17.796)	
Fjárfestingarhreyfingar					
Fjárfest í óefnislegum eignum	12	(15.800.000)	0	0	
Fjárfest í eignarhlutum í dótturfélögum	13	(4.969.124)	(46.278.390)	(14.999.933)	
Fjárfestingarhreyfingar		(20.769.124)	(46.278.390)	(14.999.933)	
Fjármögnunarhreyfingar					
Innborgað hlutfé	16	98.987.473	211.487.473	0	
Tekin ný langtímalán	17	15.000.000	15.000.000	0	
Tengdir aðilar breyting		45.171.683	16.122.105	15.020.000	
Fjármögnunarhreyfingar		159.159.156	242.609.578	15.020.000	
Hækkun á handbæru fé á árinu		51.266.665	78.660.662	2.271	
Handbært fé í ársbyrjun		28.830.279	2.271	0	
Handbært fé í árslok	3	80.096.944	78.662.933	2.271	
Fjárfestinga- og fjármögnunarhreyfingar sem hreyfa ekki handbært fé					
Innborgað hlutfé		112.500.000	0	0	
Tengdir aðilar breyting		(112.500.000)	0	0	

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Klappir Grænar Lausnir hf. hefur að geyma samstæðureikning félagsins, dótturfélaga þess og ársreikning móðurfélagsins. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, svo og upplýsingar í skýringum. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

2. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á vörum eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda. Leigutekjur af fastafjármunum eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum. Afslættir sem eru veittir eru færðir með sama hætti. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning á því tímabili sem þjónustan er veitt. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra. Tekjur af verkum í vinnslu eru færðar miðað við verkstöðu þeirra í árslok. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra, tengdan kostnað eða að vörinni verði mögulega skilað.

3. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsárs. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

4. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru færðar til eignar á kostnaðarverði að frádreginni niðurfærslu. Óefnislegar eignir félagsins er hugbúnaðar. Hugbúnaðurinn er færður niður á 5 árum.

5. Vörubirgðir

Birgðir samstæðunnar samanstanda af vörum til endursölu. Birgðir eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til gallaðra og úreltra vara.

6. Dótturfélög

Eignarhlutir í dótturfélögum eru eignfærðir á því verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra í árslok. Hlutdeild í afkomu dótturfélaga er færð í rekstrarreikning móðurfélagsins sem sérstakur liður. Hlutdeild minnihluta í afkomu dótturfélaga á árinu og eigin fé þess í árslok er færð sérstaklega í ársreikninginn.

7. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur eru færðar niður um til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

8. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

Skýringar, frh.:

9. Skatteign

Skatteign er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun vegna þess að gjöld, einkum afskriftir eru að jafnaði færð fyrir í skattuppgjöri en ársreikningi.

Skattseign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni, sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skattseign er metin á hverjum uppgjörssdegi og lækkuð að því marki sem talið er að hún komi ekki til með að nýst.

10. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	Samstæða 2016	Móðurfélag 2016
Laun	98.124.769	5.027.500
Áfallið orlof breyting	9.431.789	0
Launatengd gjöld	20.088.880	2.158.125
	<u>127.645.438</u>	<u>7.185.625</u>
Fjöldi starfsmanna í árslok	12	1

11. Tekjuskattur

Tekjufærður tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

	Samstæða 2016	Móðurfélag 2016
Virkt skatthlutfall		
Tap fyrir tekjuskatt	(63.976.136)	(37.800.839)
Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall	(34%) 12.795.227	(20%) 7.560.168
Óskattskyldar tekjur	16% (6.101.729)	1% (491.942)
Ófrádráttarþær kostnaður	20% (7.601.672)	17% (6.591.105)
Aðrar breytingar	(4%) 1.411.395	(0%) 26.100
Virkur tekjuskattur	(1%) <u>503.221</u>	(1%) <u>503.221</u>

12. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Viðskiptavild	Hugbúnaður	Samtals
Heildarverð 1.1.2016	0	2.330.000	2.330.000
Eignfært á árinu	6.768.828	15.800.000	22.568.828
Heildarverð 31.12.2016	<u>6.768.828</u>	<u>18.130.000</u>	<u>24.898.828</u>
Afskrifað 1.1.2016	0	116.500	116.500
Afskrifað á árinu	676.883	3.099.333	3.776.216
Afskrifað 31.12.2016	<u>676.883</u>	<u>3.215.833</u>	<u>3.892.716</u>
Bókfært verð 1.1.2016	0	2.213.500	2.213.500
Bókfært verð 31.12.2016	<u>6.091.945</u>	<u>14.914.167</u>	<u>21.006.112</u>

Á árinu hefur samstæðan unnið að þróun á hugbúnaði. Allur kostnaður vegna þróunarverkefna sem samanstendur af launakostnaði og öðrum rekstarkostnaði hefur verið gjaldfærður í rekstrarreikningi til samræmis hafa styrkir verið tekjufærðir á meðal annarra tekna í rekstrarreikning.

Skýringar, frh.:

13. Eignarhlutur í dótturfélögum

Eignarhlutir í dótturfélögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	Nafnverð	Hlutdeild í afkomu	Bókfært verð
Ark Technology ehf, Reykjavík	56,5%	669.889	(14.759.501)	10.240.288
DataDrive ehf., Reykjavík	100,0%	6.187.234	(23.041.338)	13.698.517
			(37.800.839)	23.938.805

Á árinu fjárfesti móðurfélagið annars vegar í eignarhluta sínum í ARK Technology ehf. að fjárhæð 10,0 millj. kr. í samræmi við hlutfjárhækkun og hins vegar í með kaupum á 100% hlut í DataDrive ehf. að fjárhæð 36,8 millj. kr.

Í árslok nam bókfært eigið fé Ark Tecnology ehf. 18,2 millj.kr. (hlutdeild móðurfélags 10,3 millj. kr.) á sama tíma nam eigið fé DataDrive ehf. nam 7,6 millj.kr.

Í árslok á eitt dótturfélagið Ark Technology ehf. dótturfélag í Bretlandi Ark Technology Ltd. eignarhluturinn er færður á upprunalegu kaupverði 5,1 millj.kr. ekki hefur verið færð hlutdeild í rekstri dótturfélagsins þar sem ársreikningur 2016 liggur ekki fyrir en rekstur félagsins hefur verið óverulegur.

Hlutdeild minnihluta í afkomu dótturfélaga á árinu nam 28,4 millj. kr., en hlutdeild í eigin fé þeirra í árslok nam 5,8 millj. kr. Hlutdeildin er sérgreind í ársreikningi.

14. Skatteign

Skatteign félagsins samkvæmt efnahagsreikningi greinist þannig:

	Samstæða	Móðurfélag
Reiknaður skattur ársins	503.221	503.221
Skatteign í árslok	503.221	503.221
Skatteign skiptist þannig:		
Óefnislegar eignir	(156.593)	0
Yfirfæranlegt skattalegt tap	47.710.684	503.221
Skatteign samtals	47.554.091	503.221
Niðurfærsla vegna óvissu um nýtingu á yfirfæranlegu tapi	(47.050.870)	0
Skatteign samtals skv. efnahagsreikningi	503.221	503.221

Í árslok nam yfirfæranlegt tap samstæðunnar / félagsins 238,5 / 2,5 millj. kr. Yfirfæranlegt skattalegt tap er nýtanlegt á móti skattskyldum tekjum í tíu ár frá því að það fellur til. Skattalegt tap félagsins greinst þannig í árslok:

	Samstæða	Móðurfélag
Yfirfæranlegt skattalegt tap ársins 2011, nýtanlegt til ársins 2021	1.579.359	0
Yfirfæranlegt skattalegt tap ársins 2012, nýtanlegt til ársins 2022	2.779.813	0
Yfirfæranlegt skattalegt tap ársins 2013, nýtanlegt til ársins 2023	4.181.352	0
Yfirfæranlegt skattalegt tap ársins 2014, nýtanlegt til ársins 2024	46.083.582	0
Yfirfæranlegt skattalegt tap ársins 2015, nýtanlegt til ársins 2025	70.878.231	130.496
Yfirfæranlegt skattalegt tap ársins 2016, nýtanlegt til ársins 2026	113.051.084	2.385.608
Samtals	238.553.421	2.516.104

Skýringar, frh.:

15. Eigið fé

Hlutfé félagsins í árslok er 100,5 millj. kr. að nafnverði. Á árinu var hlutfé aukið að fjárhæð 100 millj. kr. annars vegar með útgáfu jöfnunarhlutabréfa og aukningu hins vegar. Greiðsla til félagsins nemur 211,5 millj.kr. en í árslok nam ógreitt hlutfé og yfirferð 112,5 millj.kr.

Í árslok skiptast hlutir félagsins í A og B hluti. Í A flokki eru útgefnir 50,0 millj. hlutir, hver hlutur í A flokki er að fjárhæð ein króna að nafnverði og eitt atkvæði fylgir hverri krónu í hlutafjár. Í B flokki eru útgefnir 50,5 millj. hlutir, hlutir í B flokki hafa ekki atkvæðisrétt en að öðru leyti eru hafa flokkarnir sömu réttindi.

16. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Ójafnað eigið fé	Samtals
Staða 1.1.2016	500.000		(148.296)	351.704
Innborgað hlutfé	100.000.000	111.487.473		211.487.473
Tap ársins			(37.297.618)	(37.297.618)
Staða 31.12.2016	100.500.000	111.487.473	(37.445.914)	174.541.559

17. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir:

	2016
Innlend lán:	
Óverðtryggt lán	15.000.000
Langtímaskuldir samtals þ.m.t. næsta árs afborganir	15.000.000
Næsta árs afborganir	0
Langtímaskuldir samkvæmt efnahagsreikningi samtals	15.000.000

Langtímalán félagsins mun allt koma til greiðslu með einni afborgun á árinu 2022.

18. Tengdir aðilar

Stjórnarmenn, hluthafar, dótturfélag, félag í meirihlutaeigu hluthafa og stjórnendur teljast vera tengdir aðilar félagsins. Langtímaskuldir og skammtímakröfur móðurfélagsins við tengda aðila sundurliðast þannig í lok ársins:

	Kröfur	Skuldir
Klappir ehf. (hluthafi)	0	50.357.962
ARK Technology ehf. (dótturfélag)	2.675.869	0
DataDrive ehf. (dótturfélag)	16.100.639	0
Aðrir tengdir aðilar	289.824	0
	19.066.332	0

Á árinu seldi móðurfélagið þjónustu til tengdra aðila að fjárhæð 4,6 millj. kr. auk þess keypti félagið þjónustu af tengdum aðilum að fjárhæð 8,9 millj.kr. og námu gjaldfærð vaxtagjöld 4,5 millj. kr.

19. Önnur mál

Á árinu 2016 vann samstæðan / félagið að rannsókn og þróun á hugbúnaði. Allur kostnaður vegna verkefnisins sem samanstendur að mestu leyti af launakostnaði hefur verið gjaldfærður í rekstarreikningi. Samstæðan / félagið fékk á árinu 2015 staðfestingu frá Rannís þess efnis að rannsóknar og þróunarverkefnið hafi verið samþykkt á grundvelli laga nr. 152/2009. Með staðfestingunni öðlaðist félagið rétt á sérstakri endurgreiðslu byggt á beinum kostnaði við verkefnið. Samstæðan / félagið mun sækja um endurgreiðsluna í tengslum við skattskil félagsins vegna ársins 2016. Áætluð endurgreiðsla kostnaðar vegna verkefnisins á árinu 2017 nemur 30,5 / 2,5 millj. kr. og hefur verið tekjufærð meðal annarra tekna í rekstarreikning. Sama fjárhæð er færð til eignar meðal annarra skammtímakrafna í efnahagsreikningi 31. desember 2016.

